

130/4 fundur.

Priðjudaginn 10.september 2002 kom hreppsnefnd saman til fundar að Langanesvegi 2 og hófst fundur kl. 20:08.

Mætt voru Sigurður R. Kristinsson, Sólveig Óladóttir, Rafn Jónsson, Siggeir Stefánsson og Björn Ingimarsson.

Oddviti setti fund og bauð fundarmenn velkomna.

Dagskrá.**1. Fundargerðir nefnda og ráða:**

- Hreppsnefndarfundur 18.07.02.
- Landbúnaðarnefnd 22.07.02. Oddviti las upp eftirfarandi bókun, sem var samþykkt samhljóða, "Hreppsnefnd Þórshafnarhrepps samþykkir að heimila að unnið verði í haust á svæðinu Tungá - Grímúlfssá fyrir kr. 170.000.- af fjárveitingum næsta árs að því tilskyldu að verktaki láni sem þessu nemur til næsta vors." Fundargerð samþ.samhljóða.
- Landbúnaðarnefnd 29.08.02. Samþ. samhljóða.
- Umhverfisnefnd 14.08.02. Oddviti lagði fram eftirfarandi bókun, sem samþ. var samhljóða. "Hreppsnefnd Þórshafnarhrepps mælist til þess við umhverfisnefnd að leitað verði til fleiri aðila en þess er rætt hefur verið við varðandi kostun á umræddri pakkningu. Beri slíkt ekki árangur er óskað eftir því að lögð verði fram kostnaðaráætlun vegna hönnunar og framleiðslu fyrir hreppsnefnd til samþykktar." Fundargerðin samþ. samhljóða.
- Umhverfisnefnd 04.09.02. Oddviti lagði fram eftirfarandi bókun, sem var samþ. samhljóða. "Sveitarstjóra falið að sjá til þess að gömlum innsiglingavörðum við Fossá verði viðhaldið eðlilega og jafnframt að óska eftir því við Heilbrigðisfulltrúa að hann gefi álit sitt varðandi húseignir að Vegamótum." Fundargerðin samþ. samhljóða.
- Skólamálaráð 02.07.02. Samþ. samhljóða.
- Skólamálaráð 09.07.02. Samþ. samhljóða.
- Skólamálaráð 16.07.02. Samþ. samhljóða.
- Bókasafnsnefnd 18.08.02. Oddviti bar fram eftirfarandi bókun, sem samþ. var samhljóða: "Hreppsnefnd Þórshafnarhrepps samþykkir fyrirbyggjandi tillögu bókasafnsnefndar um breytingar á gjaldskrá þannig að árgjald fyrir fullorðna verði kr. 1.000.- og fyrir börn og ellilífeyrisþega kr. 500.-" Fundargerðin samþ. samhljóða.
- Ferðamálanefnd 02.09.02 Oddviti lagði fram eftirfarandi bókun, sem samþ. var samhljóða. "Hreppsnefnd Þórshafnarhrepps samþykkir fyrirbyggjandi tillögu ferðamálanefndar um að ráða Sigfús Ólafsson til ákveðinna verka í vetur tengdum ferðamálum. Sveitarstjóra er heimilað að semja við Sigfús um tilfallandi verkefni þessu tengd." Fundargerðin samþ. samhljóða.
- Húsnæðisnefnd 08.08.02. Fundarg. samþ.samhljóða.
- Húsnæðisnefnd 29.08.02. Fundarg. samþ. samhljóða.
- Hafnarstjórn 29.07.02. Fundarg. samþ.samhljóða.
- Hafnarstjórn 08.08.02. Fundarg. samþ.samhljóða.
- Naust 29.07.02. Fundarg. samþ.samhljóða.

2. Fundargerðir frá ýmsum aðilum.

- Samstarfsnefnd Kennarasamband og launanefndar sveitarfélaga 23.07.02. Kynning
- Eyþing stjórnarfundur 05.06.02. Kynning.

3. Innsend erindi, til kynningar.

- Tillaga að breytingum á lögum Samb. ísl. sveitarfélaga.

- Frá íbúum Pálmholti 11 vegna hundahalds.
- Ályktanir aðalfundar Eypings 30. - 31. ágúst 2002.
- Drög að starfsleyfi fyrir urðunarstað að Alfasundsás í Þórshafnarhreppi.
- Heilbrigðiseftirlit Norðurlands eystra. - Tillaga að fjárhagsáætlun 2003.
- Samband ísl. sveitarfélaga. - Ráðgjöf við gerð Staðardagskrá 21. Erindinu vísað til umhverfisnefndar, samþ. samhljóða.

Til afgreiðslu.

- Greinargerð frá Bókasafnsnefnd. "Hreppsnefnd Þórshafnarhrepps felur sveitarstjóra og formanni skólamálaráðs að kanna til hlítar möguleikann á því að koma starfsemi tónlistarskólans fyrir í öðru húsnæði í eigu sveitarfélagsins. Æskilegt er að tillögur ásamt kostnaðaráætlun liggja fyrir til umræðu og jafnvel afgreiðslu á næsta hreppsnefndarfundum." Tillagan kynnt og lögð fram af sveitarstjóra og samþykkt samhljóða.
- Landbúnaðarráðuneytið. - Reglugerð um búfjárefntilvit og framkvæmd eftirlits. - Sveitarstjóri kynnti málið og lagði fram eftirfarandi bókun, sem var samþ. samhljóða. "Hreppsnefnd Þórshafnarhrepps samþykkir að mótmæla framkomnum hugmyndum varðandi breytingar á framkvæmd búfjárefntilvits og forðagæslu."
- Verkefnastefnumót í Svartsengi 13. - 14. sept. 2002. Sveitarstjóri kynnti málið og oddviti lagði fram eftirfarandi bókun, sem samþ. var samhljóða. "Hreppsnefnd Þórshafnarhrepps samþykkir að sveitarstjóri sækji, sem fulltrúi Þórshafnarhrepps, verkefnastefnumót í Svartsengi dagana 13 og 14 september n.k."
- Aðkoma slökkviliðsstjóra að byggingarnefndarfundum. Sveitarstjóri kynnti málið, eftirfarandi bókun lögð fram og samþ. samhljóða. "Með vísan til gr.8.4 í Byggingareglugerð nr. 441/1998 sér hreppsnefnd Þórshafnarhrepps ekki ástæðu til að óska eftir breytingu á því fyrirkomulagi er nú er viðhaft varðandi aðkomu slökkviliðsstjóra að byggingarnefndarfundum."
- Æðarræktarfélag Norð-Austurlands. Erindum vísað til landbúnaðarnefndar til umsagnar, samþ. samhljóða.

4. Samþykkt um stjórn og fundarsköp Þórshafnarhrepps. Fyrri umræða.

- Oddviti lagði fram eftirfarandi tillögu að breytingum sem samþ. voru samhljóða.
"7.gr. Upphaf 7.gr. hljóði svo. Hreppsnefnd heldur reglulega fundi í þriðju viku hvers mánaðar. Hreppsnefndarfundir skulu hefjast á tímabilinu frá kl.13:00 á fimmtudegi til kl. 17:00 á föstudegi."

"Fyrstu tvær setningar 7.gr. eins og þær eru fyrir falla út."

"44.gr. Önnur málsgrein 44 gr. hefst svo "oddviti hreppsnefndar boðar...." skal hljóða
"Sveitarstjóri boðar....." "

"51.gr. Eftirtaldir tölulíðir falli út 4, 15 og 17 c liður breytist þannig að í stað "alþingiskosningum" komi "sveitarstjórnarkosningum" og í laga tilvísun komi inn " 3.mgr." á eftir "30 gr.laga" "

- Erindisbréf nefnda kynnt, og verða afgreidd á næsta fundi.

5. Skipan fulltrúa í stjórn og varastjórn Nausts.

- Oddviti lagði fram eftirfarandi tillögu: Aðalmenn: Ragnhildur Karlsdóttir og Sveinbjörn Bjarnason. Varafulltrúar: Gunnlaugur Ólafsson og Siggeir Stefánsson. Tillagan samþykkt samhljóða.

6 Samningur við Ráðgjafarstofuna ehf.

- Björn sveitarstjóri vék af fundi undir þessum lið. Oddviti kynnti samninginn, sem tekur gildi 1.júlí 2002 og gildir í 4 ár. Samningurinn samþ. samhljóða.

7. Starfsmannamál.

- Sveitarstjóri kynnti samning við skólastjóra dagsettur 5. júlí 2002 og gildir til 31.07.2003.

Samningurinn samþ. samhljóða.

· Sveitarstjóri kynnti önnur starfsmannamál. Oddviti lagði fram eftirfarandi tillögu, sem samþ. var samhljóða. "Hreppsnefnd Þórshafnarhrepps samþykkir þá skipulagsbreytingu að starfi skólaliða, ræstitækni og húsvarðar í grunnskóla og félagsheimilis verði sameinað í eitt starf og er sveitarstjóra falið að auglýsa það laust til umsóknar."

8. Skýrsla sveitarstjóra.

· Björn flutti skýrslu sína.

Dagskrá tæmd. Fundargerð lesin upp og samþykkt.

Fundi slitið kl. 23:33

Kristín Kristjánsdóttir, fundarritari.